



Fjölbrautaskóli Suðurlands

# Stjórnun og markaðsfræði

VIÐS2M05

Kennsluáætlun – Haustönn 2015

---

**Kennari: Ingibjörg Guðmundsdóttir**

**Skammstöfun: IG**

## **Áfangalýsing:**

Farið er yfir grunnhugtök og kenningar í stjórnun og markaðsfræði. Leitast er við að veita nemendum innsýn í störf stjórnenda og efla skilning nemenda á gildi markaðsstarfs. Kynnt er fyrir nemendum helstu atriði í markaðsrannsóknum, gildi stjórnunar og skipulagningar fyrir einstaklinginn, fyrirtækið og samfélagið.

## **Markmið:**

- -Þróun stjórnunar sem fræðigreinar, tilgang og hugmyndafræði markaðsfræðinnar
- -Helstu stjórnunarkenningar og stjórnunarstíla
- -Þýðingu markaðsstarfs fyrir fyrirtæki og samfélag
- -Grunnþekkingu í mannauðsstjórnun
- -Beita algengustu hugtökum stjórnunar og markaðsfræðinnar
- -þekkja til helstu samkeppnisforma og mikilvægustu atriða samkeppnisgreiningar
- -þekkja mikilvægi markaðsrannsókna
- -þekkja siðferðileg álitamál er varða markaðsrannsóknir
- -Tjá skoðanir sínar á grunnatriðum í stjórnun og markaðsfræðum
- -Geta notað grunnþekkingu sína til að auka þekkingu sína í stjórnun og markaðsfræðum

## **Námsefni:**

Handbók athafnamannsins, eftir Pál Kr. Pálsson útgefin 2006 ásamt ýmsu efni frá kennara.

## Áætlun um yfirferð og verkefnaskil:

Vika	Námsefni (kennslubók)	Verkefni
34. vika 18-22 ágúst	Kynning Kafli 1 Fyrirtækis - líkaminn	
35. vika 23-29 ágúst	Kafli 1 Fyrirtækis- líkaminn Kafli 2 Siðferði í rekstri og stjórnun fyrirtækja Kynning á verkefni	<b>Verkefni unnin eftir hvern kafla</b>
36. vika 30. ágúst – 5. september	Kafli 2 Siðferði í rekstri og stjórnun fyrirtækja Kafli 3 Stefnumótun	<b>Unnið í verkefni</b>
37. vika 6-12 september	Kafli 3 Stefnumótun	<b>Unnið í verkefnum</b>
38. vika 13-19 september	Markaðsfræði, efni frá kennara	<b>Próf úr kafla 1 – 3 Verkefni unnið</b>
39. vika 20-26 september	Markaðsfræði, efni frá kennara	<b>Verkefni unnið</b>
40. vika 27. september – 3. október	Markaðsfræði, efni frá kennara	<b>Verkefni unnið</b>
41. vika 4 – 10 október	Markaðsfræði, efni frá kennara	<b>Verkefni unnið Próf úr fyrri hluta markaðsfræðarinnar</b>
42. vika 11-17 október	Markaðsfræði, efni frá kennara	<b>Verkefni unnið</b>
43. vika 18-24 október	Markaðsfræði, efni frá kennara	<b>Verkefni unnið</b>
44. vika 25-31 október	Kafli 4 Stjórnun: fræði og líkön	<b>Próf úr seinni hluta markaðsfræðarinnar</b>
45. vika 1-7 nóvember	Kafli 4 Stjórnun: fræði og líkön	<b>Unnið í verkefnum</b>
46. vika 8-14 nóvember	Kafli 5 Persónur og leikendur	<b>Unnið í verkefnum</b>
47. vika 15-21 nóvember	Kafli 5 Persónur og leikendur	<b>Unnið í verkefnum</b>
48. vika 22-28 nóvember	Unnið að því að klára „stóra verkefnið“	<b>Próf úr kafla 4 og 5</b>
19. vika 29 nóvember – 4 desember	Flutningur og skil á verkefnum	<b>Skil á tímaverkefnum</b>

## Námsmat:

Áfanginn er símatsáfangi og því lokaprófslaus en til þess að ljúka áfanganum þurfa nemendur að vera með **að lágmarki 5 í lokaeinkun.**

**Próf – 50% af lokaeinkunn:** Prófin verða samtals 4

Próf 1: Kaflar 1-3

Próf 2: Fyrri hluti markaðsfærðinnar

Próf 3: Seinni hluti markaðsfræðinnar

Próf 4: Kaflar 4-5

Námsmat	Lýsing	Vægi
	Vægi prófa	50%
	Vægi skilaverkefna	40%
	Vinna í tímum og mæting	10%

**Skilaverkefni – 40% af lokaeinkunn:** Nemendur haldi til haga verkefnum sem unnin verða á önninni. Verkefnin skal setja í sér möppu. Fyrirgjöfin byggir á skipulagi, innihaldi og vinnubrögðum við lausn verkefna, m.a. **Skilaskylda verkefna undir þessum lið er 100%.**

**Kennsluáætlun er gerð með fyrirvara um breytingar.**

**Ingibjörg Guðmundsdóttir**